

vísa máli þessu frá dómi, enda er það ódómhæft, þar sem stefnandi hefur óskað eftir því, að „í þessu máli verði farið eftir niðurstöðu endurskoðandans ...“, en hefur hvorki lagt fram þá niðurstöðu né mundi hann að greina frá henni við yfirheyrslu í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þykir sá málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Karl Lúðvíksson, greiði stefnda, Friðriki Bertelsen, kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1968.

Nr. 169/1967. **Kristján Bjarnason**

(Jónas A. Aðalsteinsson hdl.)

gegn

Guðmundi Eyjólfssyni,

Sigurði Eyjólfssyni og

Önnu Eyjólfsdóttur og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Yfirlandskiptagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1967, gerir þær dómkröfur, að yfirlandskiptagerð frá 14. nóvember 1964, er í málinu greinir,

verði metin ógild og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjað hafa málinu með stefnu 26. apríl 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m., krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eftir að málinu var áfrýjað, hefur Björn Bjarnason, formaður yfirlandskiptanefndar, af nýju komið fyrir dóm og gefið skýrslu um framkvæmd yfirlandskipta þeirra, sem um er að tefla. Þá hafa og verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur gögn varðandi sandgræðsluland það í landareign Hvolsjarða, sem yfirlandskiptagerðin tekur til.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað hér fyrir dómi, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Bjarnason, greiði gagnáfrýjendum, Guðmundi Eyjólfssyni, Sigurði Eyjólfssyni og Önnu Eyjólfsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 27. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., hefur Kristján Bjarnason bóndi, Norður-Hvoli, Mýrdal, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 18. marz 1966, gegn eigendum og ábúendum Suður-Hvols í Dyrhólahreppi, þeim Sigurði Eyjólfssyni, Guðmundi Eyjólfssyni og Önnu Eyjólfsdóttur, öllum til heimilis að Suður-Hvoli, Dyrhólahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að yfirlandskiptagerðin frá 14. nóvember 1964 verði úr gildi felld og stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Réttarkröfur stefndu eru þær, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Sáttatilraun hefur eigi borið árangur.

Þar sem mál þetta á sér alllangan aðdraganda, þykir nauðsynlegt samhengis vegna að rekja nokkuð forsögu þess, áður en vikið verður að yfirlandskiptagerðinni frá 14. nóvember 1964, sem mál þetta snýst um.

Það er upphaf máls þessa, að dagana 17., 18. og 19. september 1951 fóru fram skipti á landi Hvols, sem þá var í óskiptri sameign stefnanda þessa máls og Eyjólfss heitins Guðmundssonar, föður stefndu í máli þessu. Skiptin fóru fram samkvæmt beiðni þáverandi eigenda Hvols. Stefnandi vildi eigi una þessum skiptum, þar sem honum þótti mjög á sig hallað, og krafðist þess í bréfi til sýslumanns Skaftafellssýslu, dags. 2. febrúar 1952, að fram færu yfirskipti á landi jarðanna Hvols I (Suður-Hvols) og Hvols II (Norður-Hvols).

Með bréfi, dags. 29. apríl 1952, skipaði sýslumaður eftirtalda menn í yfirlandskiptanefndina:

Gísli Skaftason bónda, Lækjarbakka, Guðlaug Jónsson pakkhúsmann, Vík, Kjartan Leif Markússon búfræðing, Suður-Hvammi, Pál Pálsson bónda, Litlu-Heiði, og Björn Bjarnarson ráðunaut, Reykjavík, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Yfirlandskiptanefndin framkvæmdi yfirlandskipti dagana 8., 9. og 10. maí 1952. Í yfirlandskiptagerðinni, sem dags. er 10. maí 1952, er þess í upphafi m. a. getið, að Kristján Bjarnason (stefnandi máls þessa) hefði lagt fram skrifleg mótmæli gegn því, að yfirskiptin færu fram á þessum tíma, þar sem hann teldi jörð ekki nægilega gróna og landgæði sjáist því illa. Enn fremur hafi hann krafizt þess, að flatarmál lands hvors aðilja um sig sé fært inn á kortið og fram tekið í skiptagerð. Enn fremur er þess getið, að lagt hafi verið fram bréf Eyjólfss Guðmundssonar (þáverandi eigenda Suður-Hvols), þar sem hann lýsti afstöðu sinni til fyrri skiptagerðar.

Síðan segir svo orðrétt í yfirlandskiptagerð þessari:

„Matsmenn ræddu við aðilja um málið, og komu þar fram kröfur þeirra og óskir. Síðan var landið athugað. Voru matsmenn allir sammála um það, þegar landstærðir og landgæði höfðu verið athuguð, að fella áður gerð landskipti úr gildi.

Land það, sem til skipta er tekið, er 715.68 ha. að flatarmáli. Heimríkvísl og ógróið land í sandgræðslugirðingu er ekki með

í útreikningi þessum. Flatarmál þess lands í sandgræðslugirðingu, sem gróður er í, er að stærð 55.08 ha.; flatarmál aurlendis, sem er með gróðri, er 141.64 ha., en stærð túna, beitolands og slægna er 518.96 ha. Landstærð alls 715.68 ha.

Matsmenn ákveða eftirfarandi skiptingu lands á milli jarðanna:

Hvoll I fær í sinn hluta 43.90 ha. gróið land í sandgræðslu, í aur 71.01 ha., tún, beitoland og slægjur 245.04 ha., eða alls 359.95 ha. Hvoll II fær í sinn hluta 11.18 ha. gróið land í sandgræðslu, aur 70.63 ha., tún, beitoland og slægjur 273.92 ha., eða alls 355.73 ha.

Áður talið land skiptist milli jarðanna með markalínum þeim, er hér greinir. Landamerki eru sett milli Hvals I og II frá vestur bakka Heimrikvíslar bein lína um 2 metra sunnan við heimreiðina á Hvoli II að marki, sem sett er sunnan við traðirnar. Þá gengur markalínan til suðurs yfir túnið að girðingarhorni og síðan eftir girðingunni, sem er í sömu stefnu og mörkin yfir túnið, 76 m. suður frá horninu, og er þar sett hornmark, þá ganga mörkin þvert til austurs, austur að læk, og yfir hann og síðan sömu stefnu eftir gömlum skurði að marki, sem sett er þar, sem lítill þurrkskurður kemur í gamla skurðinn, þá ganga mörkin til suðurs yfir túnin og allt til sjávar. Liggur þessi lína 38 m. fyrir austan fjárhús frá Hvoli I. Á þá Hvoll I allt land vestan framanskráðra marka, en Hvoll II fyrir austan. Engjamýri austan Heimrikvíslar, svokölluð Hvalsmýri, er skipt með línu hornrétt af austur mörkum jarðanna í merki á eystri bakka Heimrikvíslar. Liggur þessi lína 24 m. fyrir norðan norðaustur-horn fjárhústóftar. Fær Hvoll I efri hlutann, en Hvoll II þann neðri.

Þá er landinu vestan Heimrikvíslar að Klifanda neðan þjóðvegur skipt með línu úr marki við Klifanda beina stefnu yfir Hvolseyjar. Ytrikvísl og Miðeyjar á suðvesturhorn fjárhústóftar á eystri bakka Heimrikvíslar. Endar merkjalínan við mark á vestri bakka kvíslarinnar. Á Hvoll I neðri hlutann, en Hvoll II þann efri. Þá er öllu landi ofan nýja þjóðvegarins skipt með beinni línu, sem gengur úr marki settu 125 m. í austur frá vesturkanti svonefndrar Sólheimamýrar, þar sem þjóðvegurinn gengur inn á Ytri-kvíslaraurinn, og liggur þessi lína í markagirðingu á norðurtakmörkum í merki, sem þar er sett upp; merki þetta er 265 m. í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingarinnar. Á Hvoll I land allt að austan, en Hvoll II að vestan.

Heimrikvísl frá þjóðvegi að merkjalínu þeirri, sem fyrst er

nefnd hér að framan, skal vera óskipt land, þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi girðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að girða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur ekki hafi greiðan aðgang hver að sínu landi.

Efirfarandi atriði eru ákveðin þannig:

- I. Girðingar meðfram þjóðveginum, sem liggur í gegnum landið, kosta báðir landeigendur að jöfnu, en viðhald hefur hvor fyrir sínu landi. Vinnu við sameignargirðingar, sem færa þarf á hin nýju mörk, kosta báðir að jöfnu. Sama gildir um aðrar markagirðingar, sem aðiljar kunna að setja á milli sín.
- II. Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöru vegur, er heimill til umferðar fyrir ábúanda Hvals II til aðdráttar vegna fjöruverka, sands og malartekju og öðrum þeim hlunnindum, sem fjaran kann að veita; annar flutningur er óheimill nema með samþykki eiganda Hvals I. Girðing Hvals tvö meðfram Eystrivegi færast svo löglegt sé.
- III. Takist ekki samningar um eignaskipti á fjárhúsum og hlöðu þeirri, er Hvoll II á í Benshólma, skal ábúandi á Hvoli II taka það úr húsunum, er hann telur hagkvæmt fyrir sig og hafa lokið því ekki síðar en 1. des. 1952.
- IV. Fjárrétt sú, er báðir eiga, skammt frá Hvoli I, skal falla undir þá jörð, en fjárhústóft á bakka Heimrikvíslar, sem Hvoll I átti fyrir skipti, skal falla undir Hvol II.
- V. Reki og önnur hlunnindi, sem jörðunum fylgja, er sameign að jöfnu, svo sem verið hefur, eins og lög mæla fyrir.
- VI. Þar sem landið á hverjum tíma getur eyðst af völdum vatns og sandfoks, er opin leið samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1941 til endurskipta; svo skal og vera um land, er upp grær ...“.

Með yfirlandskiptagerð þessari var framkvæmd krossskipting á landinu, þannig að Hvoll I (Suður-Hvoll) fékk land að suðvestan og norðaustan, en Hvoll II (Norður-Hvoll) fékk land að suðaustan og norðvestan. Með krossskiptingu þessari eiga báðar jarðirnar lönd að ánni Klifandi. Hafa yfirlandskiptamenn skýrt nauðsyn krossskiptingarinnar þannig, að hún sé gerð til þess að koma í veg fyrir, að landbrot af völdum Klifandi bitni einvörðungu á annarri jörðinni, en hætta væri á slíku, ef aðeins önnur jörðin ætti land að ánni.

Stefnandi taldi yfirlandskiptagerð þessa þannig úr garði gerða, að hann gæti eigi við unað. Óskaði stefnandi þess því með bréfi til sýlumanns Skaftafellssýslu, dags. 25. maí 1952, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða og meta lönd jarðanna Hvals I og Hvals II, svo sem þau voru ákveðin með nefndum yfirlandskiptum, og jafna saman jarðalöndum þessum að stærð og kostum og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem ákvörðuð voru í téðum yfirlandskiptum, til leiðbeininga um það, hvort yfirlandskipti þessi væru á réttum grundvelli gerð.

Verulegur dráttur varð á því, að matsmenn yrðu dómkvaddir samkvæmt þessari beiðni, því að það gerðist eigi fyrr en 6. maí 1954. Dómkvaddir voru þeir Sturla Friðriksson, mag. scient., og Ágúst Böðvarsson mælingamaður, Reykjavík.

Mats- og skoðunargerð þeirra Ágústs og Sturlu er dags. 10. marz 1955, og er hún byggð á skoðun og mælingum, er samtals tók 2 og $\frac{1}{2}$ dag samkvæmt framburði Ágústs Böðvarssonar, er hann kom fyrir rétt til yfirheyrslu vegna matsgerðarinnar. Mats- og skoðunargerð þeirra Ágústs og Sturlu er í heild svohljóðandi:

„Hinn 6. maí s.l. vorum við undirritaðir Sturla Friðriksson og Ágúst Böðvarsson dómkvaddir af sýslumanni Skaftfellinga, Jóni Kjartanssyni, til þess að skoða, könnunarmæla og athuga lönd jarðanna Hvals I og Hvals II í Dyrhólahreppi og bera saman við yfirlandskiptin frá 10. maí 1952 og uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá ágúst 1950, sem yfirlandskipti jarðanna voru framkvæmd eftir, og gera skriflega álitserð um yfirlandskiptin, hvort eðlileg séu og hagkvæm og á réttum grundvelli byggð að okkar dómi.

Samkvæmt dómkvaðningu þessari höfum við gert athuganir á jörðunum og uppdrættinum, og er niðurstaða þeirra sem hér skal greina.

I. Skipting landsins.

Yfirmatið skiptir landinu þannig, að Hvoll I fékk í sinn hluta 43.90 ha. gróið land í sandgræðslu, í aur 71.01 ha., tún, beitiland og slægjur 245.04 ha., eða alls 359.95 ha. Hvoll II fékk í sinn hluta 11.18 ha. gróið land í sandgræðslu, aur 70.63 ha., tún, beitiland og slægjur 273.92 ha.

Við skipti þessi styðjast skiptaráðendur við uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá ágúst 1950.

Uppdrátt þennan höfum við skoðað og borið saman við land og loftljósmynd frá september 1945, og varð ekki séð nein

skekkja í honum. Gefur hann þá nákvæmni, sem mælikvarðinn leyfir, svo langt sem hann nær.

Uppdrátturinn nær hins vegar ekki að fullu tilgangi sínum sem landskiptakort, þar sem hann gerir ekki aðra greiningu landtegunda en milli aurs, sands og annars lands, því að samkvæmt 3. og 8. gr. landskiptalaganna frá 14. maí 1941 hlýtur landskiptauppdráttur að greina verðmætustu tegundir lands, og þótt það ef til vill megi telja ljóð á lögunum, að ekki séu gefnar fastar reglur um, hvernig greina skuli, eru þar þó nefnd tún, góðar engjar og annað sérstaklega verðmætt land.

Sama máli gegnir um greinargerð skiptaráðenda, að hún greinir ekki heldur milli túns, engja og annars sérstaklega verðmæts lands, og er það ærið tilefni til að vekja tortryggni landeigenda.

Til glöggvunar höfum við gert athuganir á landinu og skipt því eftir tegundum í eftirgreinda flokka.

1. Tún.
2. Nýrækt.
3. Valllendi.
4. Mói.
5. Rýrari mói.
6. Jaðar.
7. Mýri.
8. Aur.
9. Sandur.

Skipting hefur fallið þannig milli jarðanna.

HVOLL I.			
	Fyrir skipti ha.	Eftir skipti ha.	% gróins lands eftir skipti
Tún	14.54	16.20	3.0
Nýrækt	engin	1.00	
Valllendi	jöfn afnot	26.60	4.6
Mói	—	88.50	15.4
Rýrari mói	—	92.40	16.2
Jaðar	—	20.90	3.6
Mýri	—	43.30	7.5
Gróið land samtals		288.90	50.3
Aur		71.01	

Samtals 359.91

HVOLL II.

	Fyrir skipti ha.	Eftir skipti ha.	% gróins lands eftir skipti
Tún	15.10	13.44	2.3
Nýrækt	1.00	engin	
Valllendi	jöfn afn.	23.60	4.1
Mói	—	75.80	13.2
Rýrari mói	—	51.60	9.1
Jaðar	—	56.70	9.9
Mýri	—	64.00	11.1
Gróið land samtals		285.14	49.7
Aur		70.63	

Samtals 355.77

Til frekari athugana á landi jarðanna viðvíkjandi aðstöðu þeirra til búreksturs, og þá sérstaklega hvað kúahaga snertir, höfum við dregið á kortið hring um hvorn bæ fyrir sig með 1.5 km. geisla frá bæ og flokkað eftir tegundum það land, sem lendir innan þeirra takmarka. Teljum við æskilegt, að kúahaga þurfi ekki nauðsynlega að sækja utan þess svæðis.

Við athugun þessa kom í ljós, að Hvoll I á 71% af sínu gróðurlandi innan þessarar fjarlægðar, og þar af er um 11% mýri og jaðar, en 66% mólendi, eða um 135 ha. og helmingur þeirra betri mói. Hvoll II á aftur á móti 39% af gróðurlandi sínu innan þessarar fjarlægðar, og er þar af 50% mýri eða jaðar, en 22% mólendi, eða 24 ha., en af þessum 24 ha. er aðeins 5 ha. betri mói. Gefa þessar tölur til kynna, að hér er mikill mismunur á aðstöðu til nýtingar landsins, og hefur Hvoll II ekki jafna aðstöðu við Hvol I að þessu leyti og þó sérstaklega, hvað snertir kúahaga.

Af framangreindu ber að athuga.

1. Skipti túns eru ójöfn.
2. Nýrækt í Benshólma hefur að engu verið bætt, samanber 11. gr. landskiptalaganna.
3. Jöfn skipti annars nytjlands, svo sem mýrar og móa, eru mun erfiðari vegna legu, en jöfn skipti túns og nýræktar. Hafa skiptamenn heldur ekki tekið nægjanlega til greina við jöfnun þessa lands milli búanna fjarlægð helztu nytjlanda frá bæjunum vegna búreksturs og ábúendum ekki

verið sköpuð jöfn aðstaða til ræktunar, þar sem Hvoll I hefur fengið mestmegnis móa að heimalandi, en Hvoll II að mestu mýri.

4. Ekki kemur fram í skiptagerðinni, hvort land undir þjóðvegi og sýsluvegi sé tekið af óskiptu landi.
5. Í ákvörðun landamerkja Hvals I og II er gert ráð fyrir, að löndum sé skipt í sjó fram. Þó er annars vegar ekki tekið með til útreikninga við skipti ógróið land í sandgræðslugirðingu. Gætir hér ósamræmis, þar sem sama landi er ýmist skipt eða haft óskipt. Enda þótt hér sé að vísu um verðlítið land að ræða, getur ágreiningur skapast um eignarrétt þess lands, er kann að gróa þar upp, auk annarra nytja landsins, þótt þær séu að vísu á öðrum stað taldar sameign.
6. Ekki er sjáanleg ástæða fyrir því, að eiganda Hvals II er vísað burt með fjárhús og hlöðu úr Benshólma endurgjaldslaust, ef samningar ekki hafi tekizt um eignaskipti, eins og kveðið er á í skiptagerðinni. Þar eð skiptanefnd fannst ástæða til að taka upp samninga um skipti á húsunum vegna verðmætis þeirra, var ástæðulaust að leggja það í vald annars aðilans að skaða hinn með flutningaskyldunni, heldur álítum við, að skiptanefnd hefði átt að ákveða sjálf skiptin og jafna verðmætin með mati.
7. Ástæða þykir til athugunar, hvort eigendur telji sér ekki hagkvæmara að skipta Heimríkvisl, þar sem grundvöllur fyrir umferðarrétti um kvíslina er fallinn burtu með flutningi sýsluvegar.

Þess skal getið til skýringar á skiptingu lands í gróðursvæði, að ekki er unnt að draga afmarkaða línu milli þeirra, þar sem jaðrar svæðanna eru ógreinilegir og skörp mörk ekki til. Er oft blandaður gróður á stórum svæðum, og verður ávallt matsatriði, hvernig flokka skuli.

Til frekari skýringar á hinum ýmsu gróðursvæðum, sem hér um ræðir, skal tekið fram:

1. Tún er gamlærktað graslendi.
2. Nýrækt er tún að fyrstu árum ræktunar.
3. Vallendi er frjótt þurrlandi, þar sem grastegundir eru aðalgróðurinn og þar sem þær vaxa í þéttum, samfelldum breiðum.
4. Mói er fremur ófrjótt þurrlandi, venjulega þýft. Þar ríkir móasef, þursaskegg og sauðvingull.

5. Rýrari mói. Ófrjórri eða með grynri jarðveg en mói. Aðalgróður er þar lyng, sef og mosi.
6. Jaðar er belti milli votlendis og þurrlendis. Gróður er þar blanda af grösum og hálfgrösum. Nokkuð ber þar á hrossanál.
7. Mýri er misjafnlega þýft deiglendi, þar sem aðalgróðurinn er starir, einkum mýrarstör. Einnig er þar nokkur elfting og fifa.

Fleiri atriði yfirskriftanna sjáum við ekki ástæðu til að gagnrýna“.

Er mats- og skoðunargerð þessi lá fyrir, höfðaði stefnandi mál fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 6. maí 1955, til ógildingar yfirlandskiptagerðinni frá 10. maí 1952. Féll dómur í málinu hinn 10. október 1956 og var á þá lund, að yfirlandskiptagerðin frá 10. maí 1952 var úr gildi felld, þótt sú ógilding væri eigi byggð á fyrrnefndri mats- og skoðunargerð frá 10. marz 1955. Málinu til glöggvunar þykir óhjákvæmilegt að vitna í forsendur héraðsdómsins, en þar segir m. a. á þessa leið:

„... Áreið fór fram dagana 17. og 18. f. m. Var allt land beggja jarðarhluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni skoðað, og þykir rétt að benda á eftirtalin atriði:

1. Við skoðun á heimatúnunum kom í ljós, að tún beggja jarðarhluta eru mismunandi að gæðum. Syðsti hluti túnanna er mjög sendinn og liggur undir sandágangi. Einnig gætir votlendis á stöku stöðum í túnunum beggja jarðarhluta, þó meira í hluta Hvals I. Þýfi er á litlum bletti í túni Hvals II. Ekki verður talið, að á hallist verulega milli jarðarhlutanna um hina votlendu bletti í heimatúnunum, þótt þeir séu aðeins meiri í túni Hvals I, eins og að framan greinir, en jarðvegur er mun rýrari í miklum hluta heimatúns Hvals I, þar sem hann er mjög sendinn. Miklu stærra svæði af heimatúni Hvals I liggur undir sandágangi en af heimatúni Hvals II. Eigi verður talið, að svo mjög hallist á um skipti heimatúna sem álitserð þeirra Ágústis og Sturlu gefur til kynna. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að láta muni nærri, að gæðamunur heimatúna vegi á móti stærðarmun þeirra.

2. Nýrækt í Benshólma.

Samkvæmt framburði grasafraeðingsins Sturlu Friðrikssonar var nýræktarbletturinn í Benshólma í lélegri rækt, er skoðun fór fram, og sást þar ekki erlent sáðgresi. Við skoðun dómenda, er áreið fór fram, þótti bera þar töluvert á votlendisgróðri, og

telja hinir sérfróðu meðdómsmenn blett þennan sízt betri en ýmsa aðra slægjubletti í Hvolseyjum og Miðeyjum, sem ekki eru skilgreindir sem tún í álitserðinni.

3. Skipting annars lands.

Í yfirlandskiptagerðinni er tún, beitiland og slægjur hvors jarðarhluta talið saman. Af því fær Hvoll I samtals 273.92 hektara. Aurlendi skiptist nokkuð jafnt, en Hvoll I fær af grónu landi í sandgræðslu 55.08 hektara á móti 11.18 hekturum, sem Hvoll II fær. Í álitserðinni á dskj. nr. 3 er land það, sem flokkað er í yfirlandskiptagerðinni sem tún, beitiland og slægjur, flokkað í 7 flokka, og er gróið land í sandgræðslu talið þar með (sem mói). Enda þótt skipting landsins í gróðursvæði í álitserðinni sé ónákvæm, þar sem erfitt er að greina mörk gróðursvæða og mælingar ónákvæmar, þá veitir hún og gróðurkortnið á dskj. nr. 4 óneitanlega nokkurt yfirlit um gróðurfarið á landinu. Við athugun landsins var höfð hliðsjón af álitserðinni og gróðurkortinu og gerður samiburður á því og landinu sjálfu, og kom þá í ljós, að nokkurs misræmis gætti milli korts og lands, ekki hvað sízt í norðvesturhluta þess.

Athugun dómenda á vettvangi með hliðsjón af framangreindum gögnum sýnir, að við skipti á beitilandi og slægjum, að meðtöldu grónu landi í sandgræðslu, hallast ekki verulega á milli jarðarhlutanna um vallendi og betri móa. Af rýrari móa hefur Hvoll I fengið mun meira, um 40 hektara samkvæmt álitserðinni. Athugun á vettvangi leiddi í ljós, að það er sízt oftalið. Af jaðri hefur Hvoll II fengið mun meira land en Hvoll I og sömuleiðis mun meira af mýri. Enda þótt alltaf sé nokkurt matsatriði, hvort betur sé fallið til beitar og ræktunar mýri og jaðar annars vegar og rýrari mói hins vegar, er það augljóst, að sá rýrari mói, sem hér um ræðir, getur með engu móti talizt betra, eða a. m. k. svo mikið betra land en jaðar og mýri, að af þeim sökum halli á Hvol II. Ekki verður fallizt á þá skoðun stefnanda, sem byggist á áliti skoðunarmanna, að nauðsynlegt sé að færa inn á skiptakort gróðurfarslýsingu, enda er hlutverk landskiptamanna að meta landið eftir gróðurfari, jarðvegi, legu og öðrum aðstæðum, eftir að þeir hafa sjálfir skoðað landið.

Eins og að framan er getið, telur stefnandi með vísan til álits skoðunarmanna, að aðstaða Hvals II sé ekki jöfn aðstöðu Hvals I, sérstaklega hvað snertir kúahaga. Telur hann æskilegt, að kúahagar séu ekki lengra en 1500 metra frá hvorum bæ um sig. Hafa

skoðunarmennirnir dregið hringi umhverfis bæina með þessari fjarlægð með radius. Telja þeir, að 71 hundraðshluti af gróðurlendi Hvals I (um 200 hektarar) sé innan þessarar fjarlægðar. Af því sé um 67 hektarar rýrari mói, um 67 hektarar betri mói og um 22 hektarar mýri. Hins vegar sé aðeins 39 hundraðshlutar af gróðurlendi Hvals II (um 112 hektarar) innan þessarar sömu fjarlægðar. Af því telja þeir 19 hektara rýrari móa, 5 hektara betri móa, en um 54 hektara mýri. Telja þeir, að hallað sé á Hvol II í þessu efni. Aðspurðir í vitnaleiðslu, hvað þeir telji kúahaga, telur Sturla það vera betri móa, valllendi og jaðar, en Ágúst telur það jafnan matsatriði, hvað af hinum ýmsu tegundum lands megji telja kúahaga, og telur sig ekki geta sagt, hve mikið af landi því, sem innan hringanna er, séu kúahagar. Í framburði Sturlu kemur óbeinlínis fram, að rýrari mói geti ekki talizt til kúahaga að hans dómi. Sé rýrari mói ekki reiknaður með, koma í hlut Hvals II, samkvæmt útreikningum skoðunarmanna, 93 hektarar af gróðurlendi innan hringsins, en í hlut Hvals I 133 hektarar. Er því um allmikinn stærðarmun að ræða. Hins vegar er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að meginíð af þeim móa syðst í Miðeyjum og Hvolseyjum, sem á gróðurkorti skoðunarmanna er flokkað sem betri mói, geti ekki nema að litlu leyti talizt nothæfir kúahagar. Ljóst má og telja, að hægt sé að draga hringi í ýmsum fjarlægðum frá bæjunum og fá þannig ýmis konar skiptingu lands í gróðursvæði innan þeirra, mismunandi hagkvæma hvorum aðilja, eftir því frá hvaða sjónarhóli er litið.

Þykir því, þegar á allt er litið, ekki neinn verulegur munur á aðstöðu Hvals I og Hvals II, hvað snertir kúahaga.

Eftir athugun á landkostum jarðanna og öllum aðstæðum, er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að heildar-niðurstaða samanburðar á landgæðum og aðstöðu til búrekstrar á báðum jarðarhlutunum samkvæmt yfirlandskiptagerðinni sé sú, að ekki halli svo á stefnanda í neinum verulegum atriðum, að rifting landskipta verði á því byggð.

Kemur þá til athugunar, hvort nokkrir þeir gallar séu að öðru leyti á landskiptunum, að varða beri ógildingu þeirra.

Svo sem greint er frá hér að framan, eru báðir bakkar Heimri-kvísar farvegarins hafðir sem landamerki milli jarðarhlutanna samkvæmt yfirlandskiptagerðinni, en farvegurinn sjálfur látinn vera óskipt land. Eru þau landamerki allt frá þjóðvegi og suður undir heimreið að Hvoli II. Er það um 2.4 kílómetra vegalengd.

Breidd farvegarins er mjög mismunandi, allt frá 40 metrum upp í 180 metra og bakkarnir báðum megin í ótal bugðum alla þessa vegalengd. Í yfirlandskiptagerðinni segir, að þessi hluti Heimriksvísar skuli vera óskipt land, „þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi gírðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að gírða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó gírða svo í Heimriksvísl, að landeigendur hafi ekki greiðan aðgang hver að sínu landi“. Ákvæði þessi gera það að verkum, að landeigendur verða annaðhvort að gírða hvor sinn bakka farvegarins eða gírða í miðjum aur. Hvor leiðin sem farin er, gerir óhjákvæmilegt, að markagírðing á þessum mörkum verði í ótal hlykkjum. Er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að engin nauðsyn hafi borið til að láta þennan forna og þurra vatnsfarveg ráða mörkum, og verður því að telja, að ákvörðun landamerkja á þennan hátt sé ekki í samræmi við 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna. Mun láta nærri, að þessi mörk við farveginn séu helmingur sameiginlegra marka milli jarðarhlutanna, og er þá miðað við báða bakka.

Ákvæði yfirlandskiptagerðarinnar um heimild til gírðingar eftir miðjum aur og ákvæði um, að aldrei megi gírða svo í Heimriksvísl, að landeigendur ekki hafi greiðan aðgang hvor að sínu landi, verða vart talin samrýmanleg. Ef markagírðingin þvert yfir landið ætti að skera gírðingu eftir miðjum aur, þyrfti a. m. k. 3 hlið á gírðingarnar við skurðarpunktinn til að hægt væri að komast milli landshlutanna. Sú aðstaða mundi að vísu ekki hindra mannaferðir þar um, en mundi gera rekstur búfjár þar mjög erfiðan. Vafasamt má telja, hvort heimilt er, eftir orðalagi yfirlandskiptagerðarinnar, að gírða þvert yfir aurinn. Yrði það ekki talið heimilt, er ákvæðið um heimild til gírðingar í miðjum aur þýðingarlaust, þar sem opið yrði á lönd beggja aðilja, ef markagírðingar þeirra þvert yfir landið ættu að enda á bökkum Heimriksvísar. Til að fyrirbyggja það, yrði því einnig að gírða báða bakka. Ágreiningur hefur þegar skapast af ákvæði þessu.

Auk þess að ákvæðið um landamerki á bökkum farvegs Heimriksvísar er andstætt 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, þykir það og ákvæðin um heimild til gírðingar í farveginum, óhentug, óeðlileg og báðum aðiljum mjög óhagkvæm, og verður heldur eigi komið auga á neinar ástæður, er réttlæti þetta fyrirkomulag.

Með yfirlandskiptagerðinni er landi jarðarinnar neðan (sunnan) þjóðvegur skipt með krossskiptingu, þannig að Hvoll I fær suðvestur hlutann og norðaustur hlutann, en Hvoll II fær suð-

austur hlutann og norðvestur hlutann. Fyrir ofan þjóðveg er landinu skipt í tvo hluta með beinni línu, þannig að hluti Hvals I er að austanverðu, en hluti Hvals II að vestanverðu. Engar ástæður eða röksemdir eru tilgreindar í yfirlandskiptagerðinni fyrir áðurgreindri krossskiptingu neðan þjóðvegjar.

Slík skipting, sem auk þess að vera gagnstæð ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, er í fyllsta máta óeðlileg og báðum aðiljum óhagkvæm. Erfiðleikum þeim, sem krossskiptingin skapar ábúendum beggja jarðarhluta, hefur að nokkru verið lýst að framan í sambandi við ákvæði yfirlandskiptanna um girðingar í farveginum. Með aukinni ræktun landsins eykst umferðarþörfin að sjálfsögðu milli landshlutanna, og því tilfinnanlegra verður óhagræði vegna skiptanna, eftir því sem frá líður og bú væntanlega stækka.

Rekstur búfjár af syðri hlutum jarðanna á hina nyrðri og öfugt hlýtur að verða mjög miklum erfiðleikum bundinn, hvort sem girt er á bökkum Heimrikvíslar eða í miðjum aur. Er ein afleiðing krossskiptingarinnar og girðingarákvæða þeirra, sem henni eru samfara, sú, að alltaf þarf að reka búfé um 2 hlið, til að því verði komið milli landshluta hvors ábúanda um sig neðan þjóðvegjar. Með þessum hætti á landskiptum beinist öll umferð milli jarðarhlutanna á einn ákveðinn blett í Heimrikvíslarfarveginum, en þar eru aðstæður þannig, að ófærð getur auðveldlega skapast að vetri til vegna snjóá og krapa, en farvegurinn er á þessum stað einna þrengstur og nokkuð djúpur. Þykir augljóst, að þarna geti orðið algert samgöngubann og séu þá eigi aðrar leiðir tiltækar en að fara marga kílómetra krók eftir sýsluvegi og þjóðvegi eða fara yfir land hins jarðarhlutans. Önnur afleiðing krossskiptanna er sú, að mörk milli jarðarhlutanna lengjast að mun umfram það, sem nauðsynlegt væri miðað við skipti í tvo samfellda hluti.

Kemur þá til álita, hvort skipting jarðarinnar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna sé gerleg, þannig að samræmi verði milli heildarlandstærðar og landgæða beggja jarðarhlutanna.

Heimatún og aðalbyggingar beggja jarðarhlutanna eru syðst í landinu austan miðju. Austasti hluti jarðarinnar (Heimamýri, Hvolsmýri) er að mestum hluta mýrlendi. Syðsti hluti Hvolseyja (vestast) og Miðeyja er mólendi. Miðbik Hvolseyja og Miðeyja er votlent, en bakkar þurrlendir, mestmegnis móar og vallendi. Um miðbik Miðeyja er mikið af sléttum túngæfum slægj-

um. Nyrzti hluti Hvolseyja og Miðeyja sunnan þjóðveggar er að meirihluta til vontlent ásamt nokkru af móum og vallengi. Land ofan þjóðveggar er að mestu leyti móar og jaðar, ásamt lítt grónum aurum. Ber þess að geta, að nyrðri hluti Hvolseyja er mun votlendari en gróðurfarsmerkingar á dskj. nr. 4 gefa til kynna.

Aðalregla landskiptalaganna um framkvæmd landskipta felst í 10. gr. þeirra. Kemur og beinlínis fram í upphafi 3. gr. sömu laga, að ekki er til þess ætlazt, að skipti hljóti að vera jöfn að stærðum, heldur eigi stærð og landgæði að metast saman, þannig að rýrara land skuli jafnast með stærra flatarmáli og öfugt.

Athugun dómenda á vettvangi, með hliðsjón af yfirlandskiptagerðinni sjálfri og álitsgerðinni á dskj. nr. 3, þykir hafa leitt í ljós, að eigi sé fært að skipta landinu þannig milli beggja aðilja, að hvor um sig fái nákvæmlega jafnmikið af sams konar gróðurlendi nema með skákaskiptingu. Hafi krossskiptingin haft þann tilgang, hefur hann ekki náðst með henni nema að litlu leyti. Telja verður aðalannmarka þess, að landinu verði skipt í samhengi út frá heimatúnum aðilja, þann, að austurhluti landsins er mestmegnis mýrlendi, en neðsti hluti Hvolseyja og Miðeyja þurrir móar. Með krossskiptingum hefur ekki tekizt að jafna þann mun mólendis og mýrlendis, sem landshættir syðst á jörðinni óhjákvæmilega hafa í för með sér. Þykir ljóst, að landkostir á ofanverðri jörðinni neðan þjóðveggar séu svo breytilegir, að unnt muni að ná allgóðum jöfnuði milli beggja jarðarhluta, hvað snertir einstaka gróðurflokka, að undanskildum þeim mismun, sem er á landi austur og vestur af túnum bæjanna, en slíkur munur hlýtur að vera í öllum skiptum nema skákaskiptum. Þykir því sýnilegt, að möguleikar séu fyrir samfelldri skiptingu landsins neðan þjóðveggar, án þess að meira misræmis gæti milli einstakra landtegunda en nú er samkvæmt krossskiptum yfirlandskiptanna. Krossskiptin geta því eigi talizt ná þeim tilgangi að jafna áðurgreint misræmi, enda nær krossskiptingin ekki til þess lands, sem er grundvöllur misræmisins, mólendisins að suðvestanverðu.

Rétt þykir í þessu sambandi að geta þess samróma álits með dómsmannanna, að vegna framtíðarnotkunar landsins verði að gæta þess að skapa ekki óhagræði það, sem krossskipting hefur í för með sér, þótt hún kynni að veita nokkru meiri jöfnuð milli hinna einstöku gróðursvæða. Beri þess að gæta, að allur efri hluti landsins neðan þjóðveggar sé í aðalatriðum með líka jarðvegseiginleika og raunverulegt verðmæti því svipað við framtíðarræktun.

Er það eindregið álit meðdómsmannanna, að skammsýn sjónarmið eða stundarhagsmunir, ef til vill ímyndaðir, verði að víkja fyrir skynsamlegri úrlausn, sem miðist við framtíðarhagsmuni beggja aðilja eða þeirra, sem við eiga að taka.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af upphafsákvæði 3. gr. landskiptalaganna þykir mega slá því föstu, að bútun landsins í fleiri hluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni með þeim óheppilegu afleiðingum, sem að framan er lýst, sé með öllu þarflaus og brjóti því í bága við grundvallarákvæði landskiptalaganna um framkvæmd landskipta.

Með hinni krókóttu og óheppilegu landamerkjalinu við Heimrikvíslarfarveg og krossskiptingu landsins, sem hvorttveggja er með öllu þarflaust, er ákvæði yfirlandskiptanna í beinni andstöðu við 1. og 2. mgr. 10. gr. landskiptalaga nr. 46/1941.

Nokkur fleiri atriði þykja athugaverð í sambandi við framkvæmd yfirlandskiptanna og yfirlandskiptagerðina.

1. Hvorki í landskiptagerð eða yfirskiptagerð er gerð nein grein fyrir, hvaða jarðamat hafi verið lagt til grundvallar við skiptin né að nokkur skilríki hafi verið lögð fram um eignarhlutföll. Sýnilega er gengið út frá helmingaskiptum. Með framlagningu veðbólavottorðanna á dskj. nr. 78 og 79 verður ljóst, að veðmálabækur bera það ekki með sér, að helmingaskipti séu eða eigi að vera. Við flutning málsins var út frá því gengið af umboðsmönnum beggja aðilja, að helmingaskipti hefðu verið á landinu að öðru leyti en ræktun. Mun því engin deila hafa verið um þetta atriði. Ástæða hefði þó verið til að geta sérstaklega um þetta atriði við landskipti eða yfirlandskipti, þar sem veðmálabækur sýndu ekki þau eignarhlutföll, sem skipti síðan eru byggð á.

2. Ekki er þess getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, hvort mörk Hvalsjarða annars vegar og aðliggjandi jarða hins vegar séu eða hafi verið ágreiningslaus, né heldur, hvort Hvalsland sé eða hafi verið með löglegum landamerkjum aðgreint frá frá landi nærliggjandi jarða, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1941. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82 hefur verið ágreiningur um landamerki Hvals, þ. e. staðsetningu hornmarks milli Breknajarða, Steigar og Hvals, en hornmark þetta kveður hann einnig vera hliðarmark fyrir Álftagrófarlandi. Með símskeyti frá sýslumanni Skaftafellssýslu á dskj. nr. 83 er því lýst yfir, að ágreiningur þessi hafi nú verið jafnaður. Stefnandi máls þessa neitar því, að ágreiningurinn sé jafnaður, þar sem

hann hafi aldrei samþykkt eða undirskrifað neitt um það. Hvort sem sá ágreiningur er nú úr sögunni eða ekki, er ljóst af vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82, að ágreiningur hafi verið um mörk Hvals og aðliggjandi jarða. Hefur bæði landskiptamönnum og yfirlandskiptamönnum því láðst að rannsaka það atriði, svo sem 9. gr. laga nr. 46/1941 býður.

Samkvæmt landamerkjalýsingu Hvals á dskj. nr. 80 er ljóst, að mörk Hvalsjarða að vestanverðu (við Pétursey) eru í beinni línu, eða a. m. k. að mestu í beinni línu. Á landskiptakortinu á dskj. nr. 85 eru engin slík bein mörk færð inn að vestan, og sama er að segja um gróðurkortidið á dskj. nr. 4. Á kortum þessum eru ekki aðrar línur dregnar að vestanverðu en þær, sem marka aura Klifandi ásamt nokkrum girðingum, en engin þeirra lína getur fallið saman við línu þá, sem dskj. nr. 80 fjallar um sem vesturmörk Hvals. Það kemur því alls ekki fram af skjölum málsins, að landskiptamenn eða yfirlandskiptamenn hafi gengið úr skugga um, hver væri landamerki jarðarinnar að vestan, og bendir samamburður á dskj. nr. 4 og nr. 85 annars vegar og dskj. nr. 80 hins vegar til þess, að landskiptamönnum hafi ekki verið vesturmörk jarðarinnar fyllilega ljós.

3. Ekki er þess heldur getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, að leitað hafi verið upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Var þó ærið tilefni þess, þar sem stefnandi hélt því fram í greinargerð sinni í sambandi við landskiptin (fylgiskjal með dskj. nr. 76), að sameignarlandinu fylgi 50 þúsund króna sjóður, sem Alþingi hafi veitt Hvalsjörðum til varnargarða gegn ágangi Hafursár. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 81 hefur hann skipt þessu fé í september 1950 eftir ósk beggja ábúenda Hvals, Eyjólfss Guðmundssonar og Kristjáns Bjarnasonar, að því er sýslumaður telur í vottorði sínu. Stefnandi máls þessa kveðst aldrei hafa samþykkt þau skipti, enda mótmælt skiptun fjárens fyrr en í sambandi við landskipti. Í máli þessu hefur ekki verið gerð krafa um ógildingu á skiptum sjóðs þessa, og verður því engin afstaða tekin til, hvort þau hafi verið í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins eða ákvæði fjárlaga. Hins vegar verður að telja það mjög stórfelldan galla á yfirlandskiptagerðinni, að ekki skuli þar vera vikið að svo stóru atriði sem fimmtíu þúsund króna sjóði, sem jörð þeirra tilheyrir, sem skipta á, eða a. m. k. gæti komið til með að tilheyra.

4. Í yfirlandskiptagerðinni er öllu landi í sandgræðslu skipt,

en aðeins nokkur hluti þess talinn með í tölulegum útreikningum.

Með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið, þykir af þeim ástæðum bera að fella úr gildi yfirlandskiptin á Hvoli frá 10. maí 1952 ...“.

Hér lýkur tilvitnun í dóm aukabings Skaftafellssýslu frá 10. október 1956. Þessum dómi áfrýjuðu forráðamenn Suður-Hvols til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1957. Gekk dómur þar í málinu hinn 23. maí 1960, enda hafði dómur í yfirlandskiptamálinu fyrir Hæstarétti verið látinn bíða þess, að fullnaðardómur gengi í landamerkjamáli, sem upp hafði komið milli Hvols og aðliggjandi jarða. Undirréttardómurinn í landamerkjamálinu var uppkveðinn í merkjadómi Skaftafellssýslu hinn 19. desember 1959, en Hæstaréttardómurinn hinn 5. maí 1960.

Víkur nú aftur sögunni að dómi Hæstaréttar í yfirlandskiptamálinu, sem upp var kveðinn hinn 23. maí 1960, svo sem áður getur. Í dómi þessum er það tekið fram, að yfirlandskiptamennirnir hafi komið fyrir dóm hinn 19. apríl 1958 og gert grein fyrir skiptagerð sinni. Segir svo um það efni í dóminum:

„... Eru þeir á einu máli um, að krossskipting sú á landinu, sem gerð var við yfirlandskiptin, hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir, að ágangur af Klifandi mæddi allur á annari jörðinni. Með því að láta báðar jarðirnar fá land að ánni, hafi áhættunni af ágangi hennar verið jafnað á þær. Í öðru lagi hafa flestir þeirra lýst það skoðun sína, að þar sem landgæði jarðarinnar séu að mun meiri á austurhluta hennar, hafi verið á því mikil vandkvæði eða jafnvel ógerningur að skipta henni þannig, að í hluta annars aðiljans kæmi samfelld land að vestanverðu, en hins að austanverðu. Hættu á spjöllum af sandfoki kveða yfirlandskiptamenn vera með öllum suðurhluta Hvolslands, og þar sem Hvoll I (Suður-Hvoll) hafi hlotið þar meira land, sé sandfokshætta þar þeim mun meiri. Við yfirlandskiptin hafi verið tekið tillit bæði til hættu af sandfoki og ágangs Klifandi á landið ...“.

Síðan segir svo í forsendum dómsins:

„... Að því er varðar svonefnda krossskiptingu landsins, hafa yfirlandskiptamenn með framanskráðri umsögn sinni fært veigamikil rök að því, að sanngjörn skipting landsins milli aðilja hefði traúðla náðst með öðrum hætti. Þykir þessi skiptatilhögun því ekki út af fyrir sig eiga að valda riftun á yfirlandskiptagerðinni. Þá má og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms fallast á það álit héraðsdómenda, að ekki séu fram komin rök

fyrir því, að aðiljum hafi verið mismunað, miðað við landgæði og aðstöðu til búrekstrar. Verður skiptunum því ekki heldur hnekkkt af þeirri ástæðu.

Í yfirlandskiptagerðinni er þess getið, að skiptin taki ekki til Heimrikvíslar og ógróins lands í sandgræðslugirðingu. Þá ber yfirlandskiptagerðin það og með sér, að skiptin taka ekki til alls lands jarðarinnar að vestan og norðvestan. Gagnáfrýjandi hefur gagnrýnt þessa framkvæmd á yfirlandskiptunum og krafist, að landskiptin verði látin taka til þessara óskiptu svæða.

Yfirlandskiptamenn virðast ekki hafa talið rétt að skipta öðru en grónu landi í sandgræðslugirðingunni. Klifandiaurana kveða þeir sig hafa talið einskis nýtt land og því ekki tekið þá með til skipta. Þá hafa þeir og lýst því, að þeir hafi talið aðiljum hagkvæmara að hafa Heimrikvísl óskipta vegna umferðar og þar sem hún einnig nýttist þannig betur til skjóls og aðgangs að vatni fyrir búpening.

Þar sem bein krafa hefur komið fram um skiptingu á nefndum svæðum og þau verða ekki undanskilin skiptum samkvæmt ákvæðum landskiptalaga nr. 46/1941, sbr. einkum 3. og 12. gr. þeirra, þá ber að framkvæma skiptingu þeirra. Ákveða má þó aðiljum umferðarrétt, eftir því sem nauðsyn þykir til bera. Með því að óvíst er, hvort unnt sé að framkvæma hagkvæm og réttlát skipti á svæðum þessum án þess að haggja að einhverju leyti þegar framkvæmdum skiptum, þá verður ekki hjá því komizt að fella yfirlandskiptagerðina frá 10. maí 1952 úr gildi og leggja fyrir yfirlandskiptamenn að taka skiptin upp að nýju samkvæmt því, sem að framan var rakið ...“.

Að fyrirlagi Hæstaréttar með dómi þessum framkvæmdi yfirlandskiptanefnd ný landskipti með landskiptagerð 26. júlí 1960. Í þeirri landskiptagerð segir svo að loknum inngangsorðum:

„... Til þess að fullnægja þessum ákvæðum komu yfirlandskiptamenn saman að Suður-Hvoli mánudaginn 25. júlí 1960.

Hlutaðeigandi aðilum hafði áður verið tilkynntur skiptafundurinn, og mætti Guðmundur Eyjólfsson fyrir hönd Hvals I, en fyrir Hvol II var enginn mættur, og var þá haft samband við Kristján Bjarnason, eiganda Hvals II, á heimili hans.

Afhenti hann formanni skiptanefndar í votta viðurvist 4 bréf, þar sem hann meðal annars mótmælir því, að þessir landskiptamenn framkvæmi frekari skipti á Hvalsjörðum.

Skiptanefndin var sammála um að hafa þau mótmæli að engu, en hefja þegar framkvæmd og ljúka þeim samkvæmt fyrirskipun

Hæstaréttar. Við landskiptin var notaður uppdráttur sá, sem Hæstiréttur ákvað að láta gjöra og var gerður af Þóri Jónssyni, verkfræðingi.

Voru svo landskiptin gjörð þannig:

Mörk eru sett milli Hvals I og Hvals II í mörkum við Hrygg og Skeiðflatarland í vestur yfir Heima-mýri, þar eftir markaskurði, þar til marklínán sker merkjaskurðstefnu þá, sem liggur yfir Miðeyjar, eftir þeirri stefnu yfir vegarslóða á Heimrikvíslaraur. Beygir markalínán í suður eftir vegarslóðanum suður Kvíslaraurinn í girðingu, þar sem vegurinn liggur þvert upp úr Kvíslaraurnum upp í sýsluvegin. Svo áfram eftir fyrrnefndri girðingu í suður, í hornmark í Kvíslaraurnum, beygir þá til austurs upp úr aurnum, sunnan heimreiðar Hvals II. Liggur svo markið eftir girðingunni í girðingarhorn sunnar heimreiðarinnar. Beygir síðan í suður eftir uppsettri markagirðingu í horn við markaskurð. Liggur sá skurður í austur, þar til hann beygir til suðurs. Að honum enduðum tekur við markagirðing, sem liggur í sömu stefnu, og frá girðingarenda liggur markið í sömu stefnu til sjávar. Á Hvoll II allt land sunnan og austan þessara takmarka að Hryggja og Vestur-Húsa landi, en Hvoll I allt land vestan áður nefndrar línu að markalínu þeirri, sem takmarkast að norðan af markaskurðarstefnu yfir Miðeyjar, Ytri-kvísl og Hvals-eyjar, og framlengist markalínán í sömu stefnu yfir aura Klifandi í markalínu milli Péturseyjar og Hvals, á Hvoll I allt land sunnan þessarar línu í sjó fram. Merki milli Hvals I og Hvals II er sett 283 m í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingar Steigar og Hvals og Krókjarða. Frá því merki er dregin bein markalína til suðurs í skurðenda og eftir skurðinum að þjóðvegi.

Fylgir svo veginum í suðaustur þar til 80 m eru að eystri bakka Heimrikvíslar, þverbeygir markið þar suður yfir þjóðvegin og fylgir 289 m langri girðingu, sem er þar í kvíslaraurnum. Beygir girðingin þar lítið eitt, og fylgir markið henni í hornstólpa.

Frá honum er beint mark í annan hornstólpa um 760 m sunnar í Kvíslaraurnum. Stendur sá hornstólpi vestan svonefnds Krókbakka. Liggur markið svo eftir uppsettri girðingu 78 m í suðaustur. Beygir þar eftir sömu girðingu 202 m í suður og enn áfram eftir girðingunni 81 m í uppsetta vörðu, sem er 28.5 m frá skurðenda þess, er liggur í mörkum yfir Heima-mýri. Mörkin fylgja síðan markaskurðinum yfir Heima-mýri austur í Hryggjarmörk. Á Hvoll eitt allt land innan þessara marka að Hryggja,

Skeiðflatar, Ketilsstaða- og Steigarmörkum. Vestan áður nefndrar markalínu á Hvoll II allt land, suður að markaskurðinum, sem liggur um Miðeyjar og Hvolseyjar, Ytri-kvísl og Klifandiaura, að Péturseyjarlandi að vestan Holts, Álfagrófar og Keldudals að norðan.

Önnur ákvæði viðvíkjandi landskiptum þessum ákveður skipta-nefndin þannig:

- I. Fjárrétt og húsatættur, sem standa á landi hvorrar jarðar, skal vera eign þess, sem land á, sem rétt og tættur standa á, eftir skiptin.
- II. Viðhald girðinga hefir hvor aðili fyrir sínu landi.
- III. Umferð ákveðst svo: Óhindraður umferðarréttur fyrir báða aðila skal vera frá horni sýsluvegar við túnhorn Norður-Hvols, um vegslóðann þvert út í Heimrikvísl og eftir honum í mörkum upp kvíslina að þvermörkum milli markaskurða, þannig að hvor aðili hafi óhindraðan aðgang að sínu landi. Þar sem vegslóði þessi liggur í mörkum heimilast landeigendum ekki, hvorum um sig, að girða nær slóðanum en 4 m frá honum.
- IV. Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöruvegur, er heimill til umferðar vegna sjávar- og fjöruhlunninda. Öll önnur umferð er óheimil vegna uppgræðslu landsins.

Skiptum lokið“.

Stefnandi taldi yfirlandskipti þessi lögleysu, bæði að efni til og formi, þar sem yfirlandskiptamennirnir hefðu ekki verið skipaðir til starfans með nýrri dómkvaðningu, heldur fundið það upp hjá sjálfum sér að framkvæma svokölluð „framhaldsyfirlandskipti“, eins og það var orðað í sóknarskjöllum stefnanda á sínum tíma. Auk þess taldi stefnandi skiptagerð þessa brjóta í bága við 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941, þar sem hin nýja landamerkjaliná væri dregin í mörgum hlykkjum og hornum niður Heimrikvíslina andstætt nefndu lagaákvæði. Sitthvað fleira hafði stefnandi við skiptagerð þessa að athuga, enda taldi hann mjög á sig hallað í henni, en ekki þykir efni til að rekja það nánar hér.

Hinn 21. ágúst 1960 birtist í dagblaðinu Tímanum nafnlaus grein með undirskriftinni „Mýrdælingur“. Í grein þessari, sem bar heitið „Þess skal getið, sem gert er“, er veitt allharkalega að stefnanda vegna landskiptamálanna. Stefnandi taldi einn yfirlandskiptamannanna, Kjartan Leif Markússon, vera höfund þessarar greinar. Af þessum sökum svo og því, að stefnandi taldi yfir-

landskiptanefndina hafa verið vilhalla í gerðum sínum með þeim Suður-Hvolsmönnum, höfðaði hann á ný mál fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 23. marz 1961, til ógildingar á skiptagerðinni frá 26. júlí 1960. Dómur aukabings Skaftafellssýslu í máli þessu gekk hinn 5. janúar 1963. Með honum var yfirlandskiptagerðin frá 26. júlí 1960 felld úr gildi, þar sem rétturinn leit svo á, að Kjartan Leifur Markússon hefði vikið sér undan að koma fyrir sétt í málinu til skýrslugjafar án lögmætra forfalla. Segir um þetta atriði svo í forsendum héraðsdómsins: „... Með þeirri vanrækslu og framkomu sinni að öðru leyti undir rekstri dómsmáls út af yfirlandskiptum telst Kjartan Leifur Markússon hafa sýnt vanhæfni til að inna af hendi hlutlaust það trúnaðarstarf, sem honum var falið með fyrrgreindri dómkvaðningu, að varða beri óhæfi hans til starfans, sbr. 141. gr. laga nr. 85/1936“.

Þessari niðurstöðu vildu forsvarsmenn Suður-Hvols eigi una og skutu dóminum til Hæstaréttar. Hæstiréttur felldi dóm í málinu hinn 24. febrúar 1964, og var undirréttardómurinn staðfestur. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir svo:

„... Að fyrirlagi Hæstaréttar í dómi 23. maí 1960 framkvæmdi yfirlandskiptanefnd ný landskipti með landskiptagerð 26. júlí 1960. Stefndi hefur haldið því fram, að einn yfirlandskiptamannanna, Kjartan L. Markússon, hafi ritað grein þá, er birtist í dagblaðinu Tímanum hinn 21. ágúst 1960, og er efni hennar rakið í héraðsdómi, að því er hér skiptir máli. Með vætti Óskars Jónssonar, sem greint er í héraðsdómi, hefur stefndi fært veigamiklar líkur að því, að Kjartani sé rétt eignuð grein þessi. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hendi stefnda hefur Kjartan færzt undan að gefa hrein og glögg svör við því, hvort hann sé höfundur greinarinnar. Að svo vöxnu máli og þar sem ummæli í greininni eru þess eðlis, að þau samrýmast ekki starfi hlutlauss yfirlandskiptamanns, þá ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Er þá jafnframt samkvæmt 141. gr. laga nr. 85/1936 lagt fyrir hinn reglulega héraðsdómara að skipa yfirlandskiptamann í stað Kjartans L. Markússonar. Ber yfirlandskiptanefnd þannig skipaðri að framkvæma yfirskipti ...“.

Eftir að þessi dómur Hæstaréttar hafði verið felldur, var skipaður nýr yfirlandskiptamaður í stað Kjartans Leifs Markússonar. Var það Siggeir Björnsson bóndi, Holti á Síðu. Útnefning hans var gerð með bréfi sýslumanns Skaftafellssýslu frá 7. marz 1964.

Yfirlandskiptamennirnir framkvæmdu skiptin hinn 14. nóvember 1964, og er yfirlandskiptagerð þeirra svohljóðandi:

„Þann 14. nóv. 1964 voru eftirtaldir menn samankomnir að Suður-Hvoli í Dyrhólahreppi að fyrirlagi Hæstaréttar til þess að framkvæma yfirlandskipti á Hvolsjörðum, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 16/1963. Með frekari tilvísun er vísað til málsins nr. 3/1956. Til þess að framkvæma yfirskiptin hafa verið dómkvaddir:

Gísli Skaftason, bóndi, Lækjarbakka, Guðlaugur Jónsson, pakkhúsmaður, Vík, Mýrdal, Páll Pálsson, bóndi, Litlu-Heiði, Siggeir Björnsson, bóndi, Holti á Síðu, Björn Bjarnarson, ráðunautur, Reykjavík, og er síðast talinn skipaður formaður skiptanefndar.

Um útnefningu yfirskiptamanna vísast til bréfs sýslumanna Skaftafellssýslu, dags. 29. apríl 1952 og 7. marz 1964.

Formaður yfirlandskiptanefndar boði aðila til yfirlandskipta að Suður-Hvoli laugardaginn 14. nóv. 1964 með ábyrgðarbréfum, póstlögðum í Reykjavík, laugardaginn 7. nóv. 1964. Yfirlandskiptamenn og aðilar komu saman að Suður-Hvoli á tilsettum tíma, og voru allir yfirlandskiptamennirnir mættir. Fyrir Suður-Hvol voru mættir Guðmundur Eyjólfsson, Sigurður Eyjólfsson og með þeim Egill Sigurgeirsson hrl. Fyrir Norður-Hvol voru mættir Kristján Bjarnason, Baldur Jóhannesson og með þeim Þorvaldur Lúðvíksson hrl. Ennfremur voru á vegum Kristjáns Bjarnasonar mættir Þorlákur Björnsson, bóndi, Eyjarhólum, og Jón Jónsson, loftskyeptamaður, Vík í Mýrdal.

Formaður yfirlandskiptanefndar setti fundinn og reifaði í stuttu máli fyrri landskipti og dóma Hæstaréttar viðvíkjandi þeim.

Þá gat hann þess, að Kristján Bjarnason hefði tvívegis átt viðtal við sig á s.l. vori og í síðara skiptið með Baldri Jóhannessyni og þá sýnt mér tillöguupprætti til landskipta á Hvolsjörðum. Gat Kristján þess þá, að leitað yrði sætta í málinu. Ákvað ég þá að taka ekki landskiptin fyrir að svo stöddu, svo að aðilum gæfist kostur að ræða þessi mál frekar. Þegar hér var komið máli, óskaði Kristján Bjarnason bókuð mótmæli gegn því, að yfirlandskiptin færu fram nú, þar sem hann teldi yfirlandskiptamenn ekki fullnægja ákvæðum laga um að vera hæfir og óvilhallir til að framkvæma yfirlandskiptin, að undanteknum yfirlandskiptamanni þeim, er dómkvaddur var 7. marz 1964, enda hefir Kristján komið mótmælum þessum á framfæri við sýslumann og óskað úrskurðar hans.

Ákveði hins vegar yfirlandskiptamenn, að skipti skuli nú fram fara, muni hann mæta til að skýra sjónarmið sín, þó að hann telji sig óbundinn af þeim skiptum.

Lögmaður Suður-Hvols mótmælir framangreindri bókun og gerir þá kröfu, að skiptin fari fram nú.

Formaður spurði aðila, hvort að nokkrar líkur væru til samkomulags og gaf aðilum hálf tíma frest, er síðan var framlengdur um 10 mínútur, og viku yfirlandskiptamenn af fundi, meðan aðilar ræddu málið.

Að loknum þessum tíma yfirlýsti lögmaður Suður-Hvols, að hann teldi frekari samkomulagstilraunir þýðingarlausar. Lögmaður Norður-Hvols lýsti því yfir, að Kristján Bjarnason væri reiðubúinn að ræða sættir frekara.

Framanritað var lesið upp í heild og játað rétt bókað.

Þorvaldur Lúðvíksson

Egill Sigurgeirsson

(sign).

(sign).

Því næstu viku allir af fundi.

Yfirlandskiptanefndin var sammála um, að nægur tími hefði átt að vera til sáttaumleitana, og þar sem lögmaður Suður-Hvols hefði lýst yfir, að frekari samkomulagstilraunir væru þýðingarlausar, ákvað nefndin að skipta landinu, svo sem Hæstiréttur hefði fyrirskipað. Aðilar voru kvaddir á fund að loknu matarhléi, og var þeim kynnt ákvörðun nefndarinnar um, að landskiptin myndu þá þegar framkvæmd. Því næst var landið sérstaklega skoðað af Siggeiri í fylgd formanns landskiptanefndar ásamt aðilum og þeim, er þeir kusu að taka með sér. Einstök landsvæði var farið um af landskiptanefndinni allri.

Að því búnu var farið heim að Suður-Hvoli, og tilkynnti formaður yfirlandskiptanefndar aðilum þá, að nefndin myndi starfa að málinu annars staðar, og var þá aðilum gefinn kostur á því að skýra sjónarmið sín og koma fram með þær athugasemdir, sem þeir óskuðu eftir að koma á framfæri, sem efnislega eru svo: Þorvaldur Lúðvíksson, lögmaður Kristjáns Bjarnasonar, lagði fram uppdrátt af landi Hvolsjarða, sem inn á voru færðar tillögur um landskipti, sem Baldur Jóhannesson hafði gert. Baldur Jóhannesson skýrði uppdráttinn fyrir skiptamönnum. Jafnframt óskaði lögmaðurinn eftir, að upplýsingar yrðu gefnar um túnstærð Hvolsjarða fyrir og eftir skiptin.

Lögmaður Suður-Hvols, Egill Sigurgeirsson, benti á, að dómsniðurstaða Hæstaréttar hefði hvergi haggð niðurstöðum yfir-

landskiptagerðar, hvað landstærð, landgæði og aðstöðu til búskapar snerti, og taldi hann, að Hæstiréttur hefði gefið landskiptanefnd skýr fyrirmæli um að haggja ekki að ófyrirsynju þegar gerðum landskiptum. Þorvaldur Lúðvíksson tók fram, að þar sem fyrri landskipti væru úr gildi felld, þá hefði nefndin óbundnar hendur til skiptanna.

Nefndin fór síðan að Lækjarbakka í Reynishverfi og vann þar að landskiptagerð. Við landskiptin var notaður uppdráttur sá, er Hæstiréttur hafði látið gera og sem fylgir eftirfarandi yfirlandskiptagerð: Mörk eru sett milli Hvols I og Hvols II í mörkum við Hryggjarland í vestur eftir skurðgröfuskurði, við vesturenda hans beygja mörkin lítið eitt og liggja í uppsett merki 28.5 m í vestur frá áðurnefndum skurðenda (á korti merkt A). Þar eftir liggur merkjalínan 10 m í norðvestur í skurðstefnu þá, er liggur yfir Miðeyjar (á korti punkturinn merktur B). Beygir þar niður eftir Heimrikvísl í horn, og er lína þessi 127 m á lengd, og er hornmarkið 8 m frá vestri bakka Heimrikvísar (merkt C). Beygir línan þar suður eftir kvíslaraurnum í girðingu, sem liggur yfir kvíslina í punkt (merkt D), sem er 43 m eftir girðingarstefnu frá vesturbakka kvíslarinnar.

Þverbeygja mörkin í austur upp úr aurnum sunnan heimreiðar Hvols II. Liggur svo markið eftir girðingunni í girðingarhorn sunnan heimreiðarinnar. Beygir síðan í suður eftir uppsettri markagirðingu í horn við markaskurð. Liggur sá skurður í austur, en þverbeygir síðan til suðurs, og fylgja mörkin honum. Að honum enduðum tekur við markagirðing með sömu stefnu, og frá girðingarenda framlengjast mörkin með sömu stefnu beint til sjávar.

Hvoll II á allt land sunnan og austan áðurnefndra marka að Hryggja- og Vestur-Húsalandi, en Hvoll I á allt land vestan áðurnefndrar línu að markalínu þeirri, sem liggur úr punkti B eftir skurði í norðvestur yfir Miðeyjar sömu stefnu áfram yfir Ytrikvísl og Hvolseyjar, yfir Klifandiaur í mörk Péturseyjar. Á Hvoll I allt land sunnan þessarar línu til sjávar. Mörk eru sett á milli Hvols I og II úr punkti A á Heimrikvísl, og liggur markalínan 272 m í norður eftir kvíslinni, og er punkturinn (merktur E) 13 m austur frá uppsettri girðingu undir Krókbakka, beygir síðan í vestur eftir girðingunni, þar til hún þverbeygir til norðurs (merkt F) eftir kvíslaraurnum (í punkt G), og er lína þessi 760 m á lengd, beygir þá í punkt H, sem er neðan Þjóðvegur, og er hann 123 metrum fyrir vestan mörk við Ketilsstaðaland, mælt með-

fram þjóðvegi. Hvoll I á land austan markalínu þessarar neðan þjóðveggar að Ketilsstaðarlandi og norðan marka þeirra, er getur fyrst í skiptagerð þessari.

Hvoll II á land neðan þjóðveggar að áðurnefndri markalínu í efri hluta Heimriksvísar norðan fyrrnefndrar markalínu yfir Miðeyjar, Hvolseyjar og aurinn að landi Péturseyjar.

Landinu norðan þjóðveggar er skipt með línu úr uppsettu merki á norðurmörkum Hvoltsjarða, og er það 289 m vestan norðaustur hornmarks landamerkjagirðingar Steigar, Hvolts og Króksfjarða og liggur í suður í skurðenda norðan þjóðveggar, fylgir síðan skurðinum að þjóðvegi. Á Hvoll I allt land austan línu þessarar, en Hvoll II vestan hennar. Er þar með öllu landi Hvoltsjarða skipt.

Önnur atriði viðvíkjandi landskiptum þessum ákveður skiptanefnd þannig:

1. Fjárrétt og húsatættur, sem standa á landi hvorrar jarðar, skal vera eign þess, sem land það á, sem rétt og tættur standa við á eftir skiptin.
2. Nýjar girðingar á mörkum og girðingar, sem flytja þarf til þeirra vegna, skulu báðir aðilar kosta að jöfnu, og skal því lokið á fardögum árið 1965. Setja skal hlið á mörkum austan við merki A á kortinu til umferðar fyrir Hvol I inn á sitt land. Annað hlið skal setja milli punktanna A og B á kortinu til umferðar fyrir Hvol II inn á sitt land. Þriðja hliðið skal setja á línu þá, er liggur á milli B og C, og má hliðið ekki vera fjær en 20 m. Er hlið þetta fyrir Hvol I. Um umbúnað girðinga og viðhald þeirra fer svo sem girðingalög mæla fyrir um.
3. Umferð um landið ákveðst þannig: Til þess að komast inn á lönd sín skal hvor aðili fara á sínu landi, og ber Hvoli I umferðarréttur um hliðin sunnan við B og austan við A milli landa sinna.
Vegurinn, sem liggur til sjávar, hinn svokallaði fjöruvegur, er báðum aðilum heimill til sjávar- og fjöruhlunninda. Öll önnur umferð er óheimil vegna uppgræðslu landsins.
4. Reki og önnur hlunnindi eru óskipt, svo sem landslög mæla fyrir um.
5. Skiptanefndin felur formanni sínum að útvega hæfan mann til að færa skiptapunkta þá, sem skiptagerð þessi og landskiptakort tilgreina, inn á landið.

6. Kostnaður sá, er verður á skiptagerð þessari, skiptist jafnt milli aðila samkvæmt landskiptalögum.

Skiptum lokið.

Lækjarbakka, 15. nóvember 1964“.

Yfirlandskiptamennirnir hafa allir komið fyrir dóm og staðfest yfirlandskiptagerðina. Verður nú rakið efni framburða þeirra.

Yfirlandskiptamaðurinn Siggeir Björnsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Norður- og Suður-Hvoli, daginn áður en skiptin fóru fram, til þess að kynna sér sjónarmið aðiljanna og aðstæður. Hafi stefnandi málsins þá verið í Reykjavík, og kvaðst Siggeir ekki hafa vitað betur en Björn Bjarnarson, formaður yfirlandskiptanefndarinnar, hafi bent stefnanda á að fá einhvern mann til að fara með honum um land Hvolsjarðanna þennan dag, þ. e. hinn 13. nóvember 1964, en það hafi ekki verið gert.

Siggeir kvað yfirlandskiptanefndina hafa byrjað skoðun á landinu eftir hádegi hinn 14. nóvember 1964. Hafi aðstaða til skoðunar verið góð, dumbungsveður, og hafi skoðuninni verið lokið, áður en rokkið varð. Hann kvaðst hafa skoðað allt land Hvolsjarða, þannig að hann hafi fengið ágætt yfirlit yfir landið. Þetta hafi hann sumpart gert í fylgd með allri yfirlandskiptanefndinni ásamt stefnanda málsins og þáverandi lögfræðingi hans, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni. Hafi þeir farið um landið í tveimur bílum og hann ekið öðrum þeirra, en í honum hafi auk stefnanda og nefnds lögfræðings hans verið formaður yfirlandskiptanefndarinnar, Björn Bjarnarson. Sumpart kvaðst Siggeir hafa skoðað landið í fylgd Björns Bjarnarsonar.

Siggeir sagði, að ekki hefði tekið að snjóá, fyrr en skoðun var lokið og þeir skiptamenn hafi verið byrjaðir að semja gerðina. Í réttarhaldinu spurði lögmaður stefnanda Siggeir Björnsson að því, hvort yfirlandskiptanefndin við skiptin 14. nóvember 1964 hafi með skírskotun til hæstaréttardómsins frá 1960 einbeitt sér að skiptum á ógrónu landi og öðru landi, sem óskipt hafi verið við landskiptin 1952.

Siggeir svaraði þessu þannig: „Mér var það fyllilega ljóst, að hér var um ný landskipti að ræða, en með skírskotun til hæstaréttardóms frá 1960 og að eigin mati taldi ég viðurhlutamikið að breyta mikið frá fyrri skiptum“.

Siggeir kvaðst hafa verið í fasteignamatsnefnd Vestur-Skafta-fellssýslu og tekið þátt í mati allra jarða í sýslunni og sé hann því vanur slíkum störfum.

Yfirlandskiptamaðurinn Gísli Júlíus Skaftason hefur skýrt svo frá, að þeir yfirlandskiptamennirnir muni hafa byrjað að fara yfir landið eftir kl. eitt hinn 14. nóvember 1964 og hafi þeir haldið skoðuninni áfram, meðan bjart var, og hafi henni lokið, meðan bjart var. Hann kvað ágæta aðstöðu hafa verið til skoðunar, er skiptin fóru fram, bjart yfir og auð jörð. Hann kvað alla yfirlandskiptanefndina hafa farið yfir allt land Hvoltsjarða, en Siggeir Björnsson og Björn Bjarnarson hafi skoðað landið rækilagar en aðrir. Gísli tók það fram, að Siggeir Björnsson muni hafa verið kominn á staðinn fyrr um daginn, sem skoðunin fór fram.

Yfirlandskiptamaðurinn Guðlaugur Gunnar Jónsson hefur skýrt svo frá, að daginn, sem skoðað var, hafi landskiptanefndin komið að Hvoli kl. 1000 um morguninn, en skoðunin hafi ekki byrjað fyrr en kl. eitt um daginn. Hann kvað aðstöðu til skoðunar hafa verið góða. Hafi jörð verið auð og ekki hafi verið orðið rokkið, meðan á skiptunum stóð. Hann kvað landskiptanefndina alla hafa farið norður eftir Heimrikvíslaraurum í bílum og farið út úr þeim og skoðað landið til beggja handa eftir því sem þurfa þótti, alla leið norður í endamörk. Síðan hafi verið farið suður Hvolseyjar að þjóðveginum, en þaðan hafi Björn Bjarnarson og Siggeir Björnsson farið suður eftir Klifandibökkum og skoðað þá. Enn fremur sagði hann Siggeir Björnsson, Björn Bjarnarson og Gísli Skaftason hafa skoðað tún Hvoltsbæja og landið sunnan þeirra.

Yfirlandskiptamaðurinn Páll Pálsson hefur skýrt svo frá, að skoðunin hafi byrjað eftir hádegi og henni hafi lokið, þegar tók að skyggja. Hann sagði aðstöðu til skoðunar hafa verið sæmilega og ágæta til að byrja með. Hafi jörð verið auð, en seinni part dags, um fjögur eða fimm leytið, hafi gert krapadembu, en varla gránað í rót. Hins vegar hafi snjóað um kvöldið, er skoðun var lokið. Hann kvað landskiptanefndina alla hafa skoðað landið frá Hvoltsbæjum og alla leið norður í endamörk. Ekki mundi hann fyrir víst, hvaða leið hefði verið farin, en minnti, að farið hefði verið upp Heimrikvíslaraur og hafi verið farið í bifreiðum. Hann kvað landið fyrir norðan þjóðveg hafa verið skoðað af allri yfirlandskiptanefndinni. Hins vegar taldi hann, að Siggeir Björnsson og Björn Bjarnarson hefðu einir skoðað Klifandibakka sunnan þjóðvegjar. Enn fremur hafi þeir yfirlandskiptamennirnir, þeir Björn, Gísli og Siggeir, skoðað tún og annað land sunnan Hvolts-

bæja, en sjálfur hafi hann og Guðlaugur Jónsson dvalið heima á Suður-Hvoli á meðan, því að þeir hafi þekkt landsvæði þetta svo vel og margsinnis skoðað það áður, að eigi hafi verið talin þörf á því, að þeir færu. Páll taldi, að Siggeir og Björn Bjarnarson hefðu skoðað landið ýtarlegar en aðrir. Hann sagði, að í för þessari hefði fyrst og fremst verið lögð áherzla á að sýna Siggeir landið og til þess hefði hann notið leiðsagnar formanns yfirlandskiptanefndarinnar og stefnanda að einhverju leyti.

Björn Bjarnarson, formaður yfirlandskiptanefndarinnar, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að biðja Siggeir Björnsson að fara á vettvang á undan hinum yfirlandskiptamönnum til þess að kynna sér staðhætti og sjónarmið málsaðilja, áður en hin raunverulega vettvangsganga færi fram. Hafi Siggeir gert það hinn 13. nóvember 1964, en stefnandi málsins hafi þá verið staddur í Reykjavík.

Björn kvað vettvangsgönguna hafa hafizt strax eftir matinn hinn 14. nóvember 1964. Ekki mundi hann að tímasetja þetta nánar, en sagði, að reynt hefði verið að flýta sér út eftir matinn og vera kunni, að klukkan hafi verið eitt eða tekin að halla í tvö. Björn lýsti vettvangsgöngunni þannig, að farið hefði verið frá Hvoli I (Suður-Hvoli) niður á sandinn. Þaðan hafi verið ekið vestur sandinn og löndin skoðuð fyrir ofan hann. Eftir það hafi verið ekið í austur og austur fyrir markagirðingu þá, er liggur til sjávar á landskiptakortinu, og sandarnir og löndin þar fyrir ofan skoðuð, þar á meðal túnin. Eftir það hafi verið ekið aftur heim á leið og síðan norður Heimrikvísl. Ekki mundi hann hversu oft hefði verið stanzað á leiðinni norður Heimrikvísl að þjóðveginum, en það muni hafa verið einum tvisvar eða þrisvar sinnum, sem farið hafi verið út úr bílnum og landið skoðað til beggja handa. Þegar komið hafi verið að þjóðveginum, hafi verið ekið spöl vestur hann og út af honum til norðurs og skoðuð löndin fyrir norðan þjóðveginn. Síðan hafi verið ekið suður Hafursáráura niður á þjóðveg aftur og bílarnir skildir þar eftir. Síðan hafi hann gengið með Siggeiri Björnssyni suður Klifandibakka niður að mörkum Hvals I og Hvals II, eða niður fyrir þau. Eftir gönguna á Klifandibökkum hafi verið farið í bílana enn á ný og hafi næst verið stanzað á þjóðveginum einhvers staðar fyrir austan Norður-Hvol og þeir þá skoðað svæðið fyrir sunnan og norðan veginn. Eftir þetta hafi verið ekið heim að Suður-Hvoli. Björn kvaðst hafa gert sér far um að sjá til þess, að Siggeir

Björnsson fengi sem bezta heildarsýn af landinu, og innt hann eftir því að vettvangsgöngunni lokinni, hvort svo væri, og hafi Siggeir játað því.

Björn sagði, að farið hefði verið á tveim bílum á vettvang í umrætt sinn. Hafi hann verið í öðrum bílnum ásamt stefnanda, þáverandi lögmanni hans, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, og Siggeir Björnssyni, sem hafi ekið. Björn kvað jörð hafa verið auða, þegar vettvangsgangan fór fram, gott skyggni og tæplega verið farið að bregða birtu við lok hennar. Hins vegar hafi byrjað að snjóa um kvöldið, en það hafi ekki verið fyrir en eftir vettvangsgöngu. Ekki mundi Björn eftir því, hvort komið hefði krapaskúr um það leyti, sem vettvangsgöngu var að ljúka, en tók fram, að það hafi engu spillt.

Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, sem var lögmaður stefnanda, þegar umrædd yfirlandskipti fóru fram, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Hvoli, þegar yfirlandskiptamennirnir fóru á vettvang haustið 1964. Hafi verið farið bæði á jeppabílum og gangandi. Lagt hafi verið upp einhvern tíma eftir hádegið, einhvern tíma um tvö eða þrjú leytið, en jafnframt tók hann fram, að hann væri farinn að „gleyma þessu svo mikið“. Þorvaldur lýsti vettvangsgöngunni þannig, að hann taldi, að farið hefði verið á tveim bílum og hafi verið byrjað á því að aka norður eftir Heimriksvísl. Minnti hann, að stanzað hefði verið einu sinni og skyggnt um á leiðinni norður að þjóðvegi. Síðan hafi verið gengið norður yfir þjóðveginn og landið þar fyrir norðan skoðað. Næst minnti hann, að ekið hefði verið suður eftir landinu, en mundi ekki hvaða leið, og hafi fjörurnar þá verið skoðaðar og landið norður af þeim. Hann minnst þess ekki, að Klifandibakkar hefðu verið skoðaðir, en þó megi vel vera, að svo hafi verið. Hann kvaðst minnst þess, að verið hefði kalt, meðan vettvangsgangan stóð yfir, og hafi verið byrjað að bregða birtu undir lok hennar og hafi þá komið krapahrið og gránað í rót. Þorvaldur kvaðst ekki muna betur en jörð hafi verið auð, þegar vettvangsgangan hófst.

Vitnið Baldur Jóhannesson, tengdasonur stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Hvoli, daginn sem vettvangsgangan fór fram. Hann kvað vettvangsferðina hafa hafizt upp úr hádegi hinn 14. nóvember 1964 og taldi, að klukkan hefði verið farin að halla í tvö. Hafi verið farið í tveim bílum, og var hann í aftari bílnum með Suður-Hvolsmönnum, en í fremri bílnum hafi verið þeir Björn Bjarnarson,

Siggeir Björnsson, stefnandi og lögmaður hans, Þorvaldur Lúðvíksson. Vitnið lýsti vettvangsferðinni í stórum dráttum þannig, að farið hefði verið frá Suður-Hvoli fram á móa við Klifandi, sem er eign Suður-Hvols. Þar hafi verið stanzað og gengið um. Síðan verið ekið meðfram fjörunni austur í sandgræðsluna alveg austur undir Hryggjakvísl. Í sandgræðslunni hafi verið stanzað og gengið þar alveg um. Síðan hafi verið ekið að Suður-Hvoli og þaðan til norðurs, að því er vitnið minnti upp Heimrikvísl og norður fyrir þjóðveg. Síðan hafi verið stanzað í Hafursáraurum í norðurhluta landsins, þar sem eru móar og aurar, og gengið hafi verið þar um landið. Síðan hafi verið ekið suður á þjóðveg aftur. Þar hafi verið stanzað og beðið í bílnum, meðan Björn Bjarnarson og Siggeir Björnsson hafi gengið suður eftir Klifandibökkum, tveir einir. Hafi þá verið byrjað að rökkva og enn fremur verið komin slydda. Vitnið mundi það ekki nákvæmlega, hvort komið hafi verið snjóföl á jörð, þegar vettvangsgöngunni lauk, eða hvort það hafi komið eftir það. Vitnið sagði, að þann dag, sem vettvangskoðunin fór fram, hafi verið heldur þungbúið, en bjart, meðan farið hafi verið á syðri hluta landsins. Hann kvað túnin ekki hafa verið skoðuð í þessari vettvangsgöngu.

Vitnið Jón Jónsson loftskæptamaður, Vík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á Suður-Hvoli, þegar vettvangsgangan fór fram, en ekki tekið þátt í henni. Vitnið gat ekki sagt um það nákvæmlega, hvenær vettvangsgangan hófst, en það hafi verið eftir hádegi, kannski hálf þrjú, kannski fyrr. Vitnið kvaðst hafa farið út á tröppur á Suður-Hvoli, þegar vettvangsgangan hófst. Hafi þá verið frostlaust og slydduhríð. Hafi þá verið gránað í rót og sporrækt á tröppunum í slyddubleytu. Vitninu var bent á það, sem önnur vitni hefðu borið um veðrið við upphaf vettvangsgöngunnar, og tók vitnið þá fram, að fyrir sínum hugskotssjónum hafi verið komin slydda, þegar gangan hófst, „en nú séu að vísu liðin um það bil þrjú ár síðan“. Vitnið kvaðst ekkert hafa farið út úr bænum, meðan á vettvangsgöngunni stóð, og gat ekki gizkað á það, hversu langan tíma hún hefði tekið, en það hafi verið orðið dimmt, þegar þeir komu aftur.

Við lok yfirheyrslunnar á þessu vitni tók það sérstaklega fram í sambandi við vætti sitt, að nú væri langur tími umliðinn, síðan fyrrnefndir atburðir gerðust, og erfitt sé að treysta algerlega á minnið.

Yfirheyrslur í máli þessu fóru fram í febrúar, júní og júlí 1967. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt fyrir-

mælum Hæstaréttar með dóminum frá 24. febrúar 1964 hafi héraðsdómarinn með bréfi 7. marz 1964 skipað nýjan mann til að taka við sæti hins vanhæfa manns í yfirlandskiptanefndinni. Þar sem hinn vanhæfi maður hafi átt sæti í yfirlandskiptanefndinni frá upphafi, þá hafi nefndinni að sjálfsögðu borið að taka landskiptin í heild upp frá grunni. Einkum hafi brýn skylda hvílt á hinum nýja landskiptamanni, Siggeiri Björnssyni, að kynna sér nákvæmlega alla landkosti og gera sér sjálfstætt sem gleggsta grein fyrir því, á hvern hátt réttlátum og óvilhöllum skiptum yrði komið á. Hafi þessi skylda hans verið því ríkari sem fullkomin ástæða hafi verið til að ætla, að hinn vanhæfi yfirlandskiptamaður hafi allt frá upphafi lagt sig fram um að gera hlut stefnanda sem lakastan og haft áhrif á meðnefndarmenn sína í þá átt, eins og skiptin öll hafi greinilega borið með sér. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að Siggeir Björnsson hafi brugðizt þessari skyldu, þar sem hann hafi eigi skoðað landið nógu nákvæmlega, þannig að hann, sem var ókunnugur á þessum slóðum, gæti gert sér nægilega grein fyrir landkostum og gróðurfari jarðarinnar. Hann hafi ekki skoðað nema örlítinn hluta landsins, og þó einkum ógróið land, og telur stefnandi, að hann hafi því alls ekki verið fær um að taka þátt í heildarskiptum landsins, svo sem Hæstiréttur hafi mælt fyrir um, og þar af leiðandi hafi vilji Hæstaréttar um ný landskipti eigi náð fram að ganga. Í umrætt sinn hafi skoðunin hafizt eftir hádegi hinn 14. nóvember 1964. Samkvæmt framburði yfirlandskiptamannanna hafi henni verið lokið, áður en rokkið hafi verið. Hún hafi því eigi getað staðið lengur en tvo og hálfan til þrjá klukkutíma, því að samkvæmt útreikningum í almanaki Hins íslenzka þjóðvinafélags um árið 1964, bls. 13, sbr. bls. 23, hafi sólarlag á þessum slóðum hinn 14. nóvember 1964 verið kl. 1517. Hafi því örugglega verið farið að rökkva um kl. 1600. Það liggi í augum uppi, að ekki lengri skoðun á landi, sem er um eitt þúsund hektarar að stærð, sé alsendis ófullnægjandi til þess að kynna sér landkosti það vel, að unnt sé að byggja á því réttláta skiptingu landsins. Enda bendir stefnandi á, að jafnan, þegar land þetta hafi verið skoðað áður í sambandi við mál þetta, hafi sú skoðun tekið mun lengri tíma, milli tvo til þrjá daga, hvort heldur hafi verið dómendur, matsmenn eða skiptamenn, sem skoðað hafi. Enn fremur bendir stefnandi á, að skoðun landsins á þessum árstíma hljóti að taka mun lengri tíma heldur en ef skoðun hefði farið fram á eðlilegum tíma, þ. e. að sumarlagi. Enda telur stefnandi

skoðun á þessum árstíma hafa ákaflega takmarkað gildi. Enn fremur bendir stefnandi á, að byrjað hafi verið að snjóa, meðan skoðunin stóð yfir, og vitnar hann í því sambandi til vottorðs frá Veðurstofu Íslands um veður í Vík í Mýrdal hinn 14. nóvember 1964. Samkvæmt vottorði þessu er veður kl. 8000 NV 5, skýjað, skyggni 10—20 km, hiti 2.8° C. Kl. 1400 logn, snjókoma, skyggni ½—1 km, hiti 2.0° C. Kl. 2000 NA 5, skýjað, snjókoma milli athugana, skyggni 0—50 m, hiti 0.4° C. Í veðurvottorðinu er einnig tekið fram, að „úrkoma á tímabilinu frá kl. 8000 þ. 14. til kl. 8000 þ. 15. mældist 1.1 mm. Hluti af þeirri úrkomu féll nóttina milli 14. og 15.“.

Engar veðurathuganir munu hafa farið fram á Loftstöfum þetta haust sakir veikinda veðurathugunarmanns.

Stefnandi telur, að þar sem Siggeir Björnsson hafi eigi skoðað landið nógu gaumgæfilega í umrætt sinn, beri þegar af þeirri ástæðu að fella úr gildi yfirlandskiptagerðina frá 14. nóvember 1964. En auk þessa telur stefnandi marga galla aðra á skiptagerðinni, er hljóti að valda ógildi hennar. Þannig hafi yfirlandskipta-nefndin þverskallast við þeirri kröfu stefnanda, að gefin yrði upp í tölum túnastærð Hvoltsjarða fyrir og eftir skiptin. Eigi sé kveðið á um, hversu skuli háttað kostnaði af flutningi húsa, sem skiptin hafi gert nauðsynlegan. Engin ákvæði séu um viðhald vega eða lagningu þeirra, sem sé óhjákvæmileg afleiðing skiptanna, sbr. 2. mgr. 12. gr. landskiptalaganna. Ekkert tillit sé tekið til landbrots vegna Klifandi og Hafursár s.l. 13—15 ár, sem sé mun meira á landi stefnanda heldur en stefndu. Ekki sé heldur haldið opinni leið til framhaldslandskipta, svo sem 2. mgr. 13. gr. landskiptalaganna bjóði. Þá heldur stefnandi því fram, að skipti nefndarinnar á landi í sandgræðslu brjóti gegn lögum svo og skipti á strandlengjunni. Skiptin séu einnig óréttlát að því leytinu til, að stefndu fái í sinn hlut mun meira af nærtæku landi heldur en stefnandi og norðan þjóðveggar fái stefndu mun betra land.

Að endingu hefur stefnandi haldið því fram, að merkjalínan eftir Heinriksvísl brjóti þvert gegn 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, þar sem á henni séu ótal hlykkir og horn, þar sem auðvelt hefði verið að draga beina línu.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar frá 23. maí 1960 hafi yfirlandskiptagerðin frá 10. maí 1952 í alla staði verið talin lögmæt svo langt sem hún náði. Hins vegar hafi þá eigi verið skipt ógrónu landi

í sandgræðslugirðingu, Heimrikvísl og Klifandiaurum, og vitna stefndu um það efni til nefnds dóms Hæstaréttar, sem vitnað hefur verið í hér fyrr í þessum dómi. Hinn 25. og 26. júlí 1960 hafi svo yfirlandskiptamenn komið saman á Hvolslandi til þess að ljúka yfirlandskiptunum í samræmi við ákvæði dóms Hæstaréttar. Út af þeim landskiptum hafi enn risið málaferli, sem lokið hafi með hæstaréttardómi, uppkveðnum 24. febrúar 1964, og skiptin verið úr gildi felld vegna vanhæfis yfirlandskiptamannsins Kjartans Leifs Markússonar. Hafi þá Siggeir Björnsson verið skipaður yfirlandskiptamaður í hans stað hinn 7. marz 1964, svo sem fyrr getur. Þannig skipuð hafi svo yfirlandskiptanefndin framkvæmt landskiptin hinn 14. nóvember 1964. Hafi stefnandi sjálfur verið viðstaddur þau skipti og þá lýst því yfir, að hann teldi Siggeir Björnsson eina hæfa manninn í nefndinni til þess að framkvæma skiptin. Nú hafi þetta hins vegar breyzt, því að með útgáfu stefnu í máli þessu hinn 20. febrúar 1966 telji stefnandi Siggeir algerlega hafa brugðizt skyldu sinni sem landskiptamaður og „hafi alls ekki verið fær um að taka þátt í heildarskiptum landsins, svo sem Hæstiréttur mælti fyrir um ...“.

Þessari málsástæðu mótmæla stefndu algerlega og halda því fram, að Siggeir Björnsson hafi rækt skyldur sínar sem yfirlandskiptamaður á fullnægjandi hátt. Hæstiréttur hafi með dómnum frá 23. maí 1960 tekið skýrt fram, að landskiptagerðinni frá 1952 verði ekki hnekkt vegna tilhögunar þeirrar, er höfð hafi verið á skiptunum, og „að ekki séu fram komin rök fyrir því, að aðiljum hafi verið mismunað, miðað við landgæði og aðstöðu til búrekstrar“.

Yfirlandskiptin frá 14. nóvember 1964 byggja á skiptunum frá 1952, sem Hæstiréttur hafi dæmt lögleg. Með skiptunum frá 1964 hafi til viðbótar verið skipt ógrónu landi í sandgræðslugirðingu, Heimrikvísl og Klifandiaurum og sé þar með öllu Hvolslandi skipt. Hin gömlu yfirlandskipti frá 1952 séu óhöggð að öllu öðru leyti en því, að merki milli Hvols I og Hvols II séu nú sett 283 m í vestur frá norðaustur horni landamerkjagirðingar Steigar og Hvols og Krókjarða í stað 265 m í skiptagerðinni 1952. Þá séu í Heimrikvísl dregnar lengri beinar línur í yfirlandskiptagerðinni frá 1964 heldur en gert hafi verið við skiptin 1960.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að ekki hafi verið gefin upp í tölum tünastærð Hvolssjarða fyrir og eftir skiptin, þá benda stefndu á, að þetta atriði ásamt stærðum á öllum landspildum, sem hvor aðili fékk, hafi legið fyrir, og var rætt og

dæmt um þetta í hæstaréttardóminum frá 1960 og hafi stefnandi þá ekki getað rökstutt, að neitt væri á hann hallað varðandi landgæði og landstærð. Sé þetta kæruefni því útkljáð með dómi Hæstaréttar. Þá telja stefndu það villandi málflutning að tala um kostnað af flutningi húsa, sem skiptin geri nauðsynlegan, með því að engin hús hafi þurt af flytja vegna skiptanna.

Stefndu mótmæla því, að skipti á landi í sandgræðslu sé þvert á móti lögum svo og skipti á strandlengju. Engin skipti á hlunnindum í fjörunni hafi farið fram og aðeins sé um að ræða skipti ógróins lands í sandgræðslu. Grónu landi í sandgræðslugirðingunni hafi áður verið skipt og sú skipting löglega metin af Hæstarétti. Þótt segi svo í yfirlandskiptagerðinni, að markið liggi frá girðingarenda „í sömu stefnu til sjávar“, þá sé þar um að ræða að fullnægja því ákvæði að skipta ógróna landinu í sandgræðslu, sem verði hagkvæmast gert á þann veg vegna varnar við gróið land, að það lendi ekki í sandi. Með þessari skiptingu geti hvor aðili beztt verið sitt land ofan ógróna landsins.

Að því er varðar vegi og viðhald þeirra, þá halda stefndu því fram, að um það efni fari að sjálfsögðu eftir vegalögum. Hins vegar liggi opinber vegur heim í hlað beggja bæjanna og aðrar götur séu harðir engjavegir, eins og verið hafi frá fornu fari. Þessi mótbára stefnanda sé því algerlega haldlaus.

Hvað snertir landbrot vegna Klifandi og Hafursár s.l. 13—15 ár, sem stefnandi hefur haldið fram, að ekkert tillit hafi verið tekið til við yfirlandskiptin, þá vitna stefndu til dóms Hæstaréttar frá 23. maí 1960, þar sem m. a. er tekið fram, að „Við yfirlandskiptin hafi verið tekið tillit bæði til hættu af sandfoki og ágangs Klifandi á landið“. Enn fremur bentu stefndu á jarðabótasjóð Hvalsjarða, sem hafi það hlutverk að vinna upp með endurbótum á Hvalsjörðum það landbrot, sem Klifandi kynni að valda á jörðunum.

Að endingu hafa stefndu mótmælt því, að landamerkjalinan í Heimrikvísl sé dregin á ólögmetan hátt, því að samkvæmt 2. mgr. 10. gr. landskiptalaga sé heimilt að hafa boglínur í landamerkjum, þegar illa verði hjá þeim komið, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum, en Heimrikvísl sé opinn vatnsfarvegur.

Fallast verður á það með stefnanda, að yfirlandskiptamennirnir hafi átt að taka yfirlandskiptin upp frá grunni og framkvæma ný sjálfstæð skipti. Verður að telja, að það hafi verið gert, þótt eigi hafi orðið á grundvallarbreyting frá fyrri skiptum.

Er þá næst að athuga, hvort yfirlandskiptamaðurinn Siggeir Björnsson hafi kannað landið nægilega vel fyrir skiptin. Sjálfur segist hann hafa skoðað allt land Hvalsjarða þannig, að hann hafi fengið ágætt yfirlit yfir landið. Samkvæmt framburði yfirlandskiptamanna, annarra vitna svo og upplýsingum um sólsetur á þeim tíma, er skoðun fór fram, er sennilegt, að skoðunin hafi getað staðið í að minnsta kosti þrjár klukkustundir. Að álitinu hinna sérfróðu meðdómenda hefur það verið nægur tími fyrir jafn vanan mann og Siggeir Björnsson til þess að skoða landið og kanna gæði þess. Gróðurlendi Hvalsjarða séu fá og tiltölulega skýrt afmörkuð. Hafa ber í huga, að grundvallarvinna við skiptin hafði áður verið framkvæmd og þau gögn verið til flýtisauka við mat Siggeirs.

Ekki verður talið, að árstími sá, sem skoðunin fór fram á, hafi staðið í vegi fyrir því, að fullnægjandi könnun landgæða gæti átt sér stað.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að snjóað hafi, er skoðun fór fram, þá verður eigi talið sannað, hvorki með framburðum vitna né vottorði Veðurstofunnar, að svo hafi gert, eða alla vega ekki í þeim mæli, að hamlað hafi fullnægjandi skoðun.

Það er ósannað, að meira landbrot hafi verið í landi Hvals II en Hvals I af völdum Klifandi og Hafursár. Verður yfirlandskiptagerðin því eigi felld úr gildi á þessum grundvelli. Eigi verður heldur talið, að það valdi ógildingu landskiptagerðar samkvæmt landskiptalögum, þótt túnastærðar fyrir og eftir skiptin sé eigi getið í skiptagerð.

Að því er landamerkjalinuna í Heimrikvísl áhrærir, þá er það skoðun hinna sérfróðu meðdómenda, að til þess að báðir bæir hefðu sem jöfnust not af árfarvegi Heimrikvíslar, hafi verið erfitt að komast hjá því, að markalína fylgdi árfarveginum að verulegu leyti. Verður þessari málsástæðu því eigi sinnt.

Í sambandi við þá staðhæfingu stefnanda, að yfirlandskiptagerðin taki eigi til kostnaðar af flutningi húsa, er skiptin geri nauðsynlegan, þá hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnandi hafi þurft að flytja hús vegna þessara skipta. Á sínum tíma flutti hann hús úr Benshólma, en það var löngu áður en yfirlandskiptagerð sú, sem hér er um fjallað, var framkvæmd. Þessi málsástæða hefur því við engin rök að styðjast. Eigi hafa heldur verið leidd nein rök að því, að skipting lands innan sandgræðslugirðingar sé andstæð lögum. Að álitinu hinna sérfróðu meðdómenda verður ekki talið, að stefnandi hafi við skiptin fengið lakara land en stefndu

norðan þjóðvegjar. Ekki verður heldur talið, að stefnandi sé svo afskiptur varðandi nærtækt land, að það eigi að leiða til ógildingar á skiptunum.

Þá telja meðdómendur og, að samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, og að lokinni vettvangsgöngu sé eigi fram komið, að á stefnanda hafi verið hallað við skiptin, hvað varðar landgæði og aðstöðu til búrekstrar.

Að því er varðar lagningu vega, viðhald þeirra og afnot, þá verður að fallast á það með stefndu, að um þessi atriði fari samkvæmt vegalögum svo og almennum reglum réttarins, að svo miklu leyti sem eigi er tekið sérstaklega fram um þetta í yfirlandskiptagerðinni.

Að endingu hefur stefnandi byggt ógildingarkröfu sína á því, að ekki hafi við skiptin verið haldið opinni leið til endur- og framhaldsskipta samkvæmt 2. mgr. 13. gr. landskiptalaganna. Á þetta verður ekki fallist með stefnanda, því að þótt þessa sé eigi getið berum orðum í yfirlandskiptagerðinni, má sjá af landskiptakortinu, að unnt er að framkvæma hagkvæm endur- eða framhaldsskipti, ef nauðsyn ber til, enda verður ekki talið, að það sé óhjákvæmilegt formskilyrði slíkra endur- og framhaldsskipta, að þess möguleika sé sérstaklega getið í skiptagerð.

Úrslit málsins verða því þau, að krafa stefnanda um, að yfirlandskiptin á Hvolsjörðum frá 14. nóvember 1964 verði metin ógild, er ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum verður stefnandi dæmdur til að gjalda stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.630.00, sbr. framlagður málskostnaðarreikningur lögmanns stefndu.

Dóm þennan kvað upp Magnús Thoroddsen, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, ásamt meðdómendunum Ólafi Ásgeirssyni búfræðikandidat og Ingva Þorsteinssyni magister.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa. Stafar hann bæði af því, að mál þetta er umfangsmikið, og fjarveru meðdómandans Ingva Þorsteinssonar úr bænum vegna annarra skyldustarfa hans.

Dómsorð:

Krafa stefnanda, Kristjáns Bjarnasonar, um, að yfirlandskiptagerðin á Hvolsjörðum í Dyrhólahreppi frá 14. nóvember 1964 verði metin ógild, er ekki tekin til greina.

Stefnandi, Kristján Bjarnason, greiði stefndu, Guðmundi Eyjólfsyni, Sigurði Eyjólfsyni og Önnu Eyjólfsdóttur, kr.

18.630.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1968.

Nr. 32/1968. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Kristjáni Þór Þórisssyni og gagnsök.
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, borgarfégeti í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fégeta að framkvæma lögtak hjá gagnáfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum, samtals að fjárhæð kr. 183.210.00, með 12% ársvöxtum frá 2. apríl 1966 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. marz 1968 og krafizt þess, að synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og þar er rakið, átti gagnáfrýjandi um nokkurra ára skeið íbúð að Rauðalæk 19 hér í borg og bjó þar. Íbúð þessa seldi hann 13. desember 1962, en 10. júlí sama ár hafði hann keypt íbúð að Kleppsvegi 44. Um haustið 1962 flutti gagnáfrýjandi búsetu sína að Kleppsvegi 44 og bjó þar fram á